

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 348 8. október 1976 um happdrætti Háskóla Íslands.****1. gr.**

1. og 2. másl. 1. málsg. 11. gr. orðist svo: Verð hlutamiða er 1000 kr. í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða 12 000 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 13. apríl 1973 um happdrætti Háskóla Íslands, öðlast gildi 1. janúar 1979. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 325 25. ágúst 1977.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. ágúst 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 330.

18. ágúst 1978.

AUGLÝSING**um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu skipulagi í Súðavíkurreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 19. gr. hefur ráðuneytið hinn 18. ágúst 1978 staðfest þá breytingu á áður staðfestu skipulagi í Súðavíkurreppi að:

Þjóðvegurinn skuli færast ögn nær sjónum á bilinu frá samkomuhúsi inn að fjárrétt eins og sýnt er á uppdraetti. Á móts við kaupfélagið nemur færslan um 8 metrum og við Neðri Grund þar sem færslan er hvað mest nemur hún 12 metrum.

Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

Nr. 331.

15. september 1978.

REGLUR**um merkingu skipa.****1. gr.**

Nafn hvers skips og heimahafnar þess skal málað á afturstafn, ljósum stöfum á dökkann grunn eða dökkum stöfum á ljósan grunn. Sé afturstafn þannig lagaður að þessu verði ekki við komið, skal nafn þess og heimahafnar málað beggja megin á hliðar þess við afturstafn. Á sama hátt skal mála nafn skipsins á bóga þess.

Fiskiskip skulu, auk þess að vera merkt, sem að ofan greinir, vera merkt umdæmisstöfum og tölum á bóginn beggja megin.